

LÖG

um breytingu á lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „áttu virkum dögum áður en þjónustan er veitt“ í 1. mgr. kemur: sama dag og starfsemin hefst hér á landi.
- b. Í stað orðanna „upplýsingar um að viðkomandi starfsmenn njóti almannatryggingaverndar í heimaríki (E-101)“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: upplýsingar um hvort viðkomandi starfsmenn njóta almannatryggingaverndar í heimaríki.
- c. Í stað orðanna „áður en þjónustan er veitt“ í 2. mgr. kemur: eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að starfsemi fyrirtækisins hófst hér á landi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. másl. 1. mgr. kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Fulltrúinn getur verið einn af starfsmönnum fyrirtækisins sem starfar tímabundið hér á landi.
- b. Í stað orðanna „áttu virkum dögum áður en“ í 2. mgr. kemur: sama dag og.
- c. 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

Í stað orðanna „áður en þjónustan er veitt“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að starfsemi þess síðarnefnda hófst hér á landi.

4. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, 15. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Dagsektir.

Fari fyrirtæki ekki að lögum þessum getur Vinnumálastofnun krafist þess að hlutaðeigandi fyrirtæki bæti úr annmörkunum innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum.

Ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt því fyrirtæki sem hún beinist að. Dagsektir geta numið allt að 100.000 kr. hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal meðal annars líta til fjölda starfsmanna fyrirtækisins og hversu umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um dagsektir eru aðfararhæfar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. júní 2010.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni Páll Árnason.

A-deild – Útgáfud.: 2. júlí 2010